

Íslenska 10. bekkur

Kennarar: Einar Daði Reynisson; Helga Björg Flóventsdóttir

10

Skólaárið

2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Kennsla verður samþætt í íslensku og samfélagsgreinum. Unnið verður í lotum sem við köllum Skorpur. Helstu námsþættir vetrarins eru lestur og bókmenntir, ritun, bragfræði, setningafræði og málsaga.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Gísla saga Súrssonar, Vertu ósýnilegur og Englar alheimsins lesnar og unnin fjölbreytt verkefni úr þeim.

Unnið með bragfræði, málsögu og setningafræði.

Nemendur skrifa heimildaritgerð um efni sem þeir velja með kennurum.

Námsaðlögun

Námsefnið verður aðlagð sem best að þörfum hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsmat

Verkefni, próf, sjálfsmat og jafningjamat.

Námsgögn

Gísla saga Súrssonar, Englar alheimsins, Vertu ósýnilegur, Mér er í mun, Bragfræði og verkefni frá kennara.

Allar verkefnlýsingar má finna á Classroom.

AS Íslenska 10. bekkur 2019 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlum og nýtt tímann vel
- vandað vinnubrögð og lagt sig fram við námið
- verið kurteis og tillitssamur

AS Íslenska 10. bekkur 2019 - 2025 - Talað mál og hlustað

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- geti hlustað af virðingu á aðra hvort sem um upplestur eða samræður er að ræða

AS Íslenska 10. bekkur 2019 - 2025 - Lestur og bókmenntir

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- þekkt til grunnhugtaka í bókmenntafræði
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- þekkt og notað algeng hugtök í bragræði
- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi þeirra

AS Íslenska 10. bekkur 2019 - 2025 - Ritun

- beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun

AS Íslenska 10. bekkur 2019 - 2025 - Málfræði

- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra
- áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap

- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállyskna